

65
14. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallgöngur og fjárskil,
frá 16. apríl 1934.

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Prennar skulu löggöngur á hausti hverju. Fyrstu göngur byrji 15. september og síðan skal gengið með viku millibili, þó getur hreppsnefnd ákveðið aðra gangnadaga, með samþykki hreppsþúa og sýslunefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1937.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

66
22. júní

VATNSVEITUREGLUGERÐ

fyrir Neskaupstað.

1. gr.

Bæjarsjóður hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans, þegar vatnsleiðsla verður komin á bæjarbryggjuna.

2. gr.

Bæjarstjórnin lætur leggja aðalvatnsæðar um bæinn, svo víða sem fært þykir, svo húseignendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða í götu, er lóðir þeirra liggja að eða í námunda við, enda verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá aðalæðum þessum skulu húseignendur leggja vatnsæðar í hús sín, á sinn kostnað.

3. gr.

Þeim, sem búa utan vatnsveitusvæðisins, er heimilt að gera vatnsból og veita til sín vatni því, sem um lóð þeirra rennur eða á henni er, en gæta skal þess, að öðrum, sem tilkall eiga til þess vatns, verði sem minnstur bagi að vatnstökunni.

4. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, öðrum en geymsluhúsum, sem ekkert vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna og má eigi fara fram úr 6% af fasteignamataverði. Auka-

gjald má leggja á þá, sem nota til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatns- **66**
hana utanhúss. Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald 22. júní
fyrir vatnstökuna, samkv. gjaldskrá.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl og 1. september og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Þeir, sem þegar hafa notið vatns úr vatnsveitu bæjarins, greiði hlutfallslega eftir tímalengd þeirri, er þeir hafa haft vatnsnotin.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir sammingsveði og aðfararveði.

7. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðarins, svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkv. mati, ef eigi næst samkomulag.

8. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs, og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skyllt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skylni, samkv. 7. gr.

9. gr.

Bæjarstjórn löggildir vatnsvirkjara, setur þeim erindisbréf og ákveður kaup þeirra. Þeim einum er heimilt að leggja vatnsæðar frá aðalæðum í hús og um þau og breyta vatnsæðum.

10. gr.

Hús- og lóðaeigendum er skyllt að halda vatnsveitum sínum vel við og verja þær frosti og láta gera tafarlaust við þær, ef þær bila. Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum vatnsvirkjurum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær og tæki, sem eru í sambandi við þær.

11. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna frosthættu eða aðgerða á vatnsveitukerfinu. Einnig er þeim heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem þrátt fyrir áminningu, vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

12. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar og setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis bæjarstjórnar.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektir renni í ríkissjóð.

14. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

66 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, 22. júní til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

67
22. júní

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði:
 - a. Tvo og hálfan af þúsundi af fasteignamatsverði húsa, sem metin eru allt að 50 þús. krónur.
 - b. Einn af þúsundi af fasteignamatsverði húsa, sem metin eru yfir 50 þús. krónur.
2. Fyrir vatn til fiskþvottar 10 aura fyrir hvert skpð fiskjar.
3. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu síldar og fyrir hverja tunnu kjöts.
4. Fyrir hvert vatnssalerni 5 kr. á ári.
5. Fyrir vatnsnotkun til baða 5 kr. á ári (baðherbergi).
6. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 2.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 10.00 fyrir fiskiskip, og kr. 20.00 fyrir öll önnur skip.
7. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjaldið þegar ástæða þykir til.

Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað eða lækkað allt að 25%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

68
22. júní

A U G L Ý S I N G

um breyting á gjaldskrá fyrir talsímanotendur í Reykjavík og Hafnarfirði, sem gildir frá 1. júlí 1937.

Þriðja málsgrein I. kafla orðist þannig:

Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km. eftir aðalsímalínunum utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1,5 km. utan Hringbrautar til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta Hafnarfjarðar. Utan þessara takmarka reiknast aukauppsétingargjöld: kr. 10.00 fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 15.00 fyrir